

FW: Fjármálaáætlunin komin fram til annarrar umræðu - engin aukning á rekstrarfé til aðildarfélaga SFV

**Til** : Sveitarstjóri Dalabyggð  
**Frá** : Sveitarstjóri Dalabyggð  
**Heiti** : FW: Fjármálaáætlunin komin fram til annarrar umræðu - engin aukning á rekstrarfé til aðildarfélaga SFV  
**Málsnúmer** : 2102015  
**Málsaðili** : Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu  
**Skráð dags** : 28.05.2021 17:42:01  
**Höfundur** : Sveitarstjóri Dalabyggð

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

---

**From:** Eybjörg Hauksdóttir

**Sent:** miðvikudagur, 26. maí 2021 17:24

**To:**

**Subject:** Fjármálaáætlunin komin fram til annarrar umræðu - engin aukning á rekstrarfé til aðildarfélaga SFV

Sæl öllsömul,

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar kom fram í gær til annarrar umræðu á Alþingi, sjá:

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1510.html>

Þar er kafli um Hjúkrunar – og endurhæfingarþjónustu sem sjá mér hér að neðan.

Tvennt er einkum markvert úr þeirri umfjöllun.

Annars vegar að það að ekkert er minnst á endurhæfingarþjónustu.

Hins vegar kemur fram að svonefnd „Gylfanefndarskýrsla“, sem sýnir fram á að um 90% hjúkrunarheimila landsins voru rekin með tapi á árinu 2019 „svarar ekki öllum þeim spurningum sem þarf til að bregðast við rekstrarvandinum, né er gerð nægileg grein fyrir því með hvaða hætti væri heppilegast að taka á honum.“

Þessi afstaða er auðvitað gríðarleg vonbrigði. Ef til vill fást einhver frekari rök fyrir þessari niðurstöðu ríkisstjórnarinnar á málþingi SFV á morgun þar sem heilbrigðisráðherra og varaformaður fjárlaganefndar mæta til fundar.

Sjáumst á morgun.

Bestu kveðjur,

Eybjörg



Eybjörg Hauksdóttir framkv.stj.  
SAMTÖK FYRIRTÆKJA  
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Málefnasvið 25 hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta.

Fjárlaganefnd hefur margoft fjallað um rekstur hjúkrunarheimila á undanförunum árum. Að þessu sinni

kynnti hún sér ítarlega nýútkomna skýrslu um afkomu heimilanna. Skýrslan fjallar um greiningu á rekstrarkostnaði, gæðakröfur til starfseminnar, húsnæði og mat á hjúkrunarþyngd (svokallað RAI-mat). Nokkrir punktar sem bent er á í skýrslunni eru:

- Spáð er að fjöldi þeirra landsmanna sem eru 80 ára og eldri muni tvöfaldast á næstu tveimur áratugum. Það mun að öllu óbreyttu kalla á verulega fjölgun hjúkrunarrýma með tilsvarendi kostnaðarauka auk þess sem hjúkrunarþyngd gæti einnig aukist.
- Daggjaldakerfinu er ætlað að standa undir kostnaði við umönnun íbúa á hjúkrunarheimilum að teknu tilliti til hjúkrunarþyngdar sem er mæld með svokölluðu RAI-mælitæki.
- Reksturinn gekk mjög misvel á tímabilinu 2017–2019 en flest heimilanna voru rekin með halla. Án framlaga sveitarfélaga nam tapið samtals um 3.500 m.kr. á þessum þremur árum. Aðeins 13% heimilanna voru rekin með afgangi eða í jafnvægi árið 2019.
- Rekstrargjöld heimila sem eru á daggjöldum voru samtals 31,1 ma.kr árið 2019 og langstærsti útgjaldaliðurinn voru laun og launatengd gjöld eða 24 ma.kr.
- Erfitt er að lesa stærðarhagkvæmni út úr gögnunum. Heimilunum var skipt í fjóra flokka, þ.e. heimili með færri en 20 rými, heimili með 21–40 rými, heimili með 41–90 rými og heimili með fleiri en 90 rými. Nokkur munur var á rekstrarkostnaði á hvert rými en jafnframt var töluverð dreifing innan hvers stærðarflokks, en það liggur þó fyrir að betra aðgengi er að sérhæfðri lækniþjónustu hjá stærri heimilum.
- Húsnæðiskostnaður vegur um 10% af heildargjöldunum. Fram kemur verulegur munur á fjölda fermetra á hvert rými. Þar sem mestu munar er nær ferfaldur munur milli þess heimilis sem er með flesta fermetra á rými og þess sem hafði fæsta.

Meiri hlutinn bendir á að ekki kemur skýrt fram af hverju einstök heimili eru rekin með afgangi eða í jafnvægi meðan flest þeirra eru rekin með miklum halla. Þá eru tengsl rekstrarhagkvæmni og rýmafjölda óljós. Ekki virðist augljóst að um stærðarhagkvæmni sé að ræða. Þeir aðilar sem koma að skýrslunni eru ekki sammála um hvernig túlka beri launamun á milli einstakra heimila eftir því hvort þau eru rekin af sjálfseignarstofnunum, ríkinu eða sveitarfélögum.

Fram kemur í skýrslunni að mikilvægt sé að reglulega sé safnað gögnum um rekstrarkostnað og starfsemi hjúkrunarheimila. Meiri hlutinn tekur undir það og hefur á undanförunum árum kallað eftir því að á hverjum tíma liggi fyrir gögn sem nýtist til þess að leggja mat á fjárþörf heimilanna.

Í stjórnarsáttmálanum er tekið fram að endurskoða þurfi framlög til reksturs heimilanna. Ljóst er að sú skýrsla sem verið hefur til umfjöllunar svarar ekki öllum þeim spurningum sem þarf til að bregðast við rekstrarvandnum, né er gerð nægileg grein fyrir því með hvaða hætti væri heppilegast að taka á honum. Meiri hlutinn áréttar þó að það verkefni er aðkallandi og að við næstu fjárlagagerð þurfi að stíga markviss skref í þá átt.

Frá árinu 2017 hafa útgjöld málefnasviðsins aukist um tæpa 17 ma.kr. eða um 44%. Stór hluti hækkunarinnar, eða um 7 ma.kr., skýrist af hækkun launa og verðlagsbóta en hækkun umfram það nemur 10,7 ma.kr. eða 19% frá 2017 til fjárlaga 2021.

Á næstu árum er fyrirhuguð veruleg uppbygging hjúkrunarheimila. Nauðsynlegt er að hönnun og nýbygging heimila taki mið af því að ná fram sem mestri rekstrarhagkvæmni, bæði með tilliti til fjölda rýma og skipulags húsnæðis. Á næstu árum er gert ráð fyrir fjölga um allt að 640 ný rými á hjúkrunarheimilum en gangi þau áform eftir þá er rekstur þeirra að ekki fullu fjármagnaður frá og með árinu 2023. Það ár er fjárvöntunin 1,2 ma.kr., 3,4 ma.kr. árið 2024 og 2,9 ma.kr. árið 2025. Samtals vantar um 7,5 ma.kr. í rekstur ef framkvæmdaáætlunin gengur eftir. Áætlunin felur í sér að árið 2025 verði komin 263 ný rými fyrir utan endurbætur eldri rýma.

Til lengri tíma litið er hins vegar ljóst að mati meiri hlutans að við uppbyggingu þjónustu við eldra fólk þarf að horfa í æ ríkari mæli til annarra úrræða en hefðbundinna hjúkrunarrýma. Þar mun aukin þjónusta í heimahús, dagþjónusta utan heimilis og samþætting mismunandi þjónustuþátta innan og utan heimilis leika lykilhlutverk. Einnig mun verða til skoðunar að greina betur þá kostnaðarliði sem saman mynda rekstur hjúkrunarheimila, m.a. með tilliti til kostnaðarþátttöku heimilismanna, ríkis og sveitarfélaga.

